

11. gr.

1. Ef ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða sambandsríki í ríkisheild hefur veitt skilyrðislausa og óafturkallanlega ábyrgð fyrir bæði endurgreiðslu höfuðstóls og greiðslu vaxta af skuldabréfum sem sótt er um skráningu á getur kauphöll heimilað að upplýsingar þær sem eru í 3. og 5. kafla viðauka II séu veittar í ágripi.
2. Heimild til að skila ágripi samkvæmt 1. tl. má einnig veita félögum sem stofnuð eru eða stjórnað er með sérlögum eða á grundvelli slíkra laga og hafa heimild til að leggja gjöld á viðskiptavinum sína.

25. júní 1999

Nr. 435

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar er taki gildi 1. júlí 1999.

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar nr. 87 frá 1. janúar 1997 með áorðnum breytingum, breytist þannig:

1. Allir liðir í gjaldskránni hækka um 2,1%.
2. Í kaflanum ýmis ákvæði fellur grein 2 út. Í staðinn kemur:

Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar, mánuðina janúar – apríl og október – desember, sé ekki lægri en 0,9. Ef fasviksstuðull er lægri en 0,9 er rafveitunni heimilt að krefjast 2% viðbótarorkugjalds fyrir hvern hundraðshluta sem fasviksstuðullinn er lægri en 0,9.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. júní 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

25. júní 1999

Nr. 436

AUGLÝSING**um gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og lögum um Hitaveitu Reykjavíkur nr. 38, 12. febrúar 1940 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur er taki gildi 1. júlí 1999.

Gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur hækkar sem hér segir:
Verðskrá rafmagns og tengdra gjalda hækkar um 3%.
Verðskrá heits vatns og tengdra gjalda hækkar um 4,6%.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. júní 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.